



Fundargerð

415. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 14. desember 2017 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) varaoddviti, Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Vilbergs Þráinssonar. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður

Varaoddviti stjórnaði fundinum og bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál, var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 414. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 17. nóvember 2017.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnaðis- og hafnarnefnd 11. desember 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1712015 - Aðalskipulag Dalabyggðar 2004 - 2016, umsagnarbeiðni um breytingu.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og gerir engar athugasemdir við framlagða breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Samþykkt samhljóða.

2.2 1712014 - Vegna áhuga á lóðum við Hellisbraut á Reykhólum.

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og samþykkir að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi við Hellisbraut. Samþykkt samhljóða.

2.3. 1712016 - Erindi frá Reyni Bergsveinssyni.

Sveitarstjórn tekur undir bókun nefndarinnar og óskar jafnframt eftir því að Vegagerðin rökstyði þörfina fyrir því að hanna nýjan veg yfir Ódrjúgsháls, samkvæmt leið D2, mun austar og hærra yfir hálsinn en núverandi vegur liggur, en ekki nær núverandi vegstæði eða enn utar og lægra, austanvert við Lómahnjúk.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu

1. 1710025 - Fjárhagsáætlun 2018 - 2021, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun lögð fram til síðari umræðu. Fjárhagsáætlun ársins 2018 gerir ráð fyrir samanlögðum tekjum A og B hluta kr. 558 millj. kr. þar af útsvarstekjum kr. 127 millj. og tekjum frá Jöfnunarsjóði 176 millj. Gert er ráð fyrir samanlögðu gjöldum A og B hluta 543 millj. þar af launagjöldum kr. 352 millj. og afskriftir 15 millj. Gert er ráð fyrir 16 millj. kr. rekstarafgangi árið 2018.

*Sveitarstjórn samþykkir að auka framlag til gatnagerðar í áætlun ársins 2018, að upphæð 10 millj. kr. sem fjármagnist með lántöku.
Fjárhagsáætlun 2018 - 2021 samþykkt.*

2. 1712020 -Samþykkt um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum.

Lögð eru fram drög að samþykkt um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum.

Sveitarstjórn samþykkir samþykktina samhljóða.

3. 1710054 - Framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð um Vestfjarðarveg 60, áskorun til sveitarstjórnar.

Erindi frá Kristni Bergsveinssyni dagsett 30. nóvember 2017, þar sem fram koma hugmyndir bréfitara að meðferð málsins, að framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar verði gefið út strax og farið eftir veglínu Þ-H og óskað er ítarlegs svars.

1. Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps felist í því að veglína B færist og verði veglína Þ-H eins og Vegagerðin leggur til í niðurstöðu umhverfismats í nóvember 2016. „Leið Þ-H er besti kosturinn varðandi umferðaröryggi og umhverfisáhrif“, segir í rökum Vegagerðarinnar fyrir Þ-H leið eftir að fimm leiðir hafa farið í umhverfismat.

Svar; Við aðalskipulagsbreytinguna eru teknir inn tveir kostir til skoðunar í byrjun, kostur Vegagerðarinnar Þ-H og sá kostur sem Skipulagsstofnun og fleiri stofnanir telja vænlegastan, þ.e. leið D2. Sveitarstjórn Reykhólahrepps vinnur að því að afla gagna til að rökstyðja leiðarvalið, bréfitari vísar í það að Vegagerðin hafi þegar rökstutt leiðarvalið. Rökstuðningur Vegagerðarinnar dugur ekki til. Skv. lögum rökstyður sveitarfélagið leiðarvalið sjálft og byggir rökstuðninginn á eigin rannsóknum, rannsóknum sem unnið er að þessa dagana.

2. Afleggjarar að bæjunum Djúpadal, Gufudal og Fremri Gufudal verði lagðir bundnu slitlagi og hannaðir fyrir 90 km. hraða.

Svar; Hönnun vega er á forræði Vegagerðarinnar, sveitarstjórn skipuleggur aðeins legu vega.

3. Hugmynd um B-2 leið og jarðgöng eru og hafa alltaf verið rökleysa. Peningalofoerð nú eru einskinsverð kosningalofoerð. Kostnaður yrði líklega 5-6 milljörðum meiri en Þ-H leið. Öll jarðgöng á Íslandi fara 20-30% fram úr áætlun.

Svar; Hér eru hugmyndir bréfitara reifaðar, engar spurningar.

4. Ég skora á hreppsnefndina að sýna nú kjark og gefa Vegagerðinni strax framkvæmdaleyfi eftir veglínu Þ-H svo útboð geti hafist. Annað er kjarkleysi og stofnanaofbeldi.

Svar; Reykhólahreppi hefur ekki borist umsókn um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni. Vegagerðin sem framkvæmdaraðili hefur farið fram á það, að sveitarfélagið geri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2006 - 2018 vegna breyttrar veglínu. Að þeirri breytingu er unnið þessa dagana og fer vinnan skv. skipulagslögum. Engar forsendur eru fyrir því að sótt verði um framkvæmdaleyfi fyrr en að þeirri vinnu lokinni.

Reykólahreppur hefur ekki um nokkurn annan kost að velja en að fara að lögum og vill vinna vel að málum skv. þeim leikreglum sem samfélagið hefur sett sér með lögum Alþingis. Annað kemur ekki til greina.

Ofangreind eru svör sveitarstjórnar til bréfitara og eru þau samþykkt samhljóða.

4. 1711029 - Stofnun Vestfjarðarstofu 1. desember 2017.

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dagsett 27. nóvember 2017. Umboð til handa framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins til undirritunar á stofnsamþykkt fyrir hönd sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarstjórnar í fulltrúaráð Vestfjarðarstofu.

Sveitarstjórn samþykkir formlega erindið og greiðslu kr. 100 þús í stofnframlag vegna stofnunar Vestfjarðarstofu, þá samþykkir sveitarstjórn einnig umboð til handa framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins til undirritunar á stofnsamþykkt fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

5. 1712010 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Erindi frá Félagsþjónustu Stranda og Reykólahrepps desember 2017.

Framlagt erindi samþykkt samhljóða.

6. 1712011 - Styrkbeiðni vegna reksturs Afslins.

Erindi frá Aflinu, samtökum um kynferðis og heimilisofbeldi, dagsett 20 nóvember 2017.

Sveitarfélagið veitir ekki styrk til Afslins, erindinu hafnað. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

7. 1510008 - Kostnaðarframlag Skipulagsstofnunar vegna svæðisskipulags Dala- Strandabyggðar og Reykólahrepps.

Svar Skipulagsstofnunar við erindi Svæðisskipulagsnefndar um hækkun á kostnaðarframlagi úr Skipulagssjóði. Svarbréf dagsett 28. nóvember 2017.

Lagt fram og kynnt.

8. 1712012 - Skýrsla nefndar um forsendur fyrir stofnun Þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 30. nóvember 2017.

Lagt fram og kynnt.

9. 1712013 - Stefna og viðbragðsáætlun við einelti og kynbundinni áreitni.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 30. nóvember 2017

Lagt fram og kynnt.

10. 1702011 - Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 17. nóvember 2017.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

11. 1703018 - Fundargerð 854. fundar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

12. 1712028 - Tilnefning varafulltrúa í Breiðafjarðarnefnd.

Sveitarstjórn tilnefnir Rebekku Eiríksdóttur sem varafulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Samþykkt samhljóða.

13. 1712029 - Ósk um samning um skólaakstur.

Erindi frá Hjalta Hafþórssyni dagsett 14. desember 2017. IBE vikur af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við íbúa Klettaborgar um akstur eigin barna til og frá skóla.

Samþykkt samhljóða.

IBE kemur aftur inn á fund.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:00
